

# Nálhús frá Stöng í Pjórsárdal

1983

Stöng 1983: 25.

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson

**A**síðasta degi fornleifarannsóknar á Stöng sumarið 1983 fannst forláta nálhús úr bronsi. Það fannst í skálarúst frá 11. öld, sem er undir þeim skála, sem rannsakaður var árið 1939 og nú er til sýnis fyrir almenning. Nálhúsið fannst í neðstu leifum af svartri gólfskán, sem fékk heitið SAD. Mikil ánægja greip um sig meðal okkar sem grófum þarna og ekki skyggði á hana þótt gestum, sem komu nokkrum mínumútm síðar, fyndist lítið til koma og þetti gripurinn líkjast stykki úr bifreið. Heldur lyftust þó brúnir þeirra er þeir fengu að vita að gripur þessi hefð dottið í gólfíð fyrir heilum níu óldum. Nálhúsið fannst rétt fyrir framan setið við syðri langvegg skálans.

Nálhúsið er aðeins 4,4 cm á lengd og hefur því aðeins rúmað litlар nálar. Gripurinn er mjög vand- aður. Hann samanstendur af röri sem opið er í báða enda. Ofan á rörinu er haus sem gat er í gegnum og einfaldur hringur leikur í gatinu. Utan á rörinu, til endanna og á miðju, eru listar sem enda í flötum tönnum. Á listunum eru síendurteknir, litlir, slegnir hringir með punkti í miðjunni, sem er algengasta skreytið á hlutum sem fundist hafa í Pjórsárdal – einhvers konar Pjórsárdalsstíll.

Engar nálar fundst í nálhúsini, en er farið var með grippin til byggða kom í ljós að innan í rörinu voru samankluðuð hár. Við smásárrannsókn kom í ljós, að þetta voru hrosshár. Rörlaga nálhús finnast oft með einhverri fyllingu, ull eða öðrum þráðum sem sett var inn í nálhúsið til að halda nálum á sínum stað, þar sem opið var í báða enda.

Nálhúsið á sér engar þekktar hlíðstæður en líkist mest 10. og 11. aldar nálhúsum sem fundist hafa í Svíþjóð, Finnlandi, Rússlandi og öðrum löndum við Eystrasalt. Það kemur vel heim og saman við aldur þeirrar rústar sem nálhúsið fannst í. Kolefnisaldursgreiningar á viðarkolum og dýrabeinum og afstaða mannvistarlagu til gjóskulaga sýna að skálinn, sem



nálhúsið fannst í, sé frá 11. öld. Nálhús á vikingaöld og fyrri hluta miðalda voru ýmist úr beini, járni eða bronsi. Sú gerð sem fundist hefur á Íslandi eru litlir sívalningar með hengi á miðjunni og hafa nálhúsin hangið í belti eða á klæðum eigandans.

Rústir á Stöng hafa verið í heiðurssessi íslenskra fornminja síðan þær voru fyrst rannsakaðar sumarið 1939. Um yngsta bæinn á Stöng hefur oft verið talað með nokkuð rómántískri trú á þjóðveldisöld Íslendinga, eins og einhvers konar miðlungshús hinnar íslensku gullaldar. Við rannsóknirnar á Stöng á seinni árum hafa fundist margir merkir gripir, sem líkt og nálhúsið sýna, að ábúendur á Stöng hafa verið vel við álnir og að bærinn var enginn miðlungsbær. Lengi hefur verið talid að bærinn og öll byggð í Pjórsárdal hafi endanlega farið í eyði í miklu eldgosi í Heklu árið 1104. Rannsóknir á Stöng undanfarin ár hafa þó sýnt með viuss að svo er ekki. Byggð lagðist af á 13. öld og lögðust síendurtekin eldgos og önnur óáran ásamt búsetu og beitarpeningi á eitt við þá eyðileggingu.

Rústir, sem nálhúsið litla fannst í, hefur að öllum líkendum verið reisulegar skáli þegar eldgosið átti sér stað. Leifar enn eldri skálarústar, sem líklega er frá landnámsöld, fundust sumarið 1992 undir rústum smiðju frá 10. öld. Ofan á smiðjuna hefur verið reist

kirkja á 11. öld. Hún hefur nú verið rannsókuð  
að mestu og einnig hluti af tilheyrandi kirkjugarði.  
Ekki er getið um kirkju eða bænhús á Stöng í  
rituðum heimildum.

Til vinstrí: Frá rannsókninni á Stöng árið 1993.  
Hér er verið að rannsaka kirkjurúst frá II. öld. Ljósm. V.Ö.V.

